

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um hvernig erfiðar heimilisaðstæður og áföll geta haft áhrif á líf barna og hvað leikskólinn getur gert til að styðja við börn við þær aðstæður. Mikilvægt er að leikskólakennarar séu undir það búnir að styðja börn sem verða fyrir áföllum. Undarlegt má virðast að lítið sem ekkert er fjallað um þessi málefni í leikskólakennaranámi í dag þó þörfin virðist brýn.

Fjallað er um geðtengslakenningu John Bowlby og Mary Ainsworth, farið í hvernig geðtengsl þróast og hvað hefur áhrif á þau. Örugg geðtengsl hafa mikla þýðingu fyrir framtíð barnsins og mikilvægt að börnum sem ekki hafa náð að mynd þessi tengsl sé hjálpað til þess. Fjallað er um áföll í lífi barna og hvað áhrif þau geta haft á börnin. Tilteknir þættir sem fjallað er um eru skilnaður foreldra, ástvinamissir, ofbeldi og vanræksla. Fjallað er stuttlega um þróun á aðbúnaði og aðstoð við börn á Íslandi einnig er farið yfir helstu lög sem taka til réttar barna. Fjallað er lítlillega um hvernig tekið er á barnaverndarmálum erlendis. Aðgerðaráætlanir þar sem farið er yfir viðbrögð leikskólakennara þegar börn verða fyrir áföllum er hluti af ritgerðinni. Æskilegt er að aðgerðaráætlanir sem þessar séu til staðar í öllum leikskólum.

Sýnt er fram á mikilvægi þess að börn sem verða fyrir áföllum fái þann stuðning sem þau þarfnast. Leikskólakennarar spila þar stórt hlutverk því er mikilvægt að þeir viti hvernig rétt er að bregðast við hverju sinni.

Abstract

This paper is about how difficulty at home and trauma can influence children's life and what play-school can do to support a child in circumstances like that. It is very important that early childhood teachers are prepared to support children that have been traumatized. It is very strange that in the education of early childhood teachers is very little education about these things, although it is necessary.

The first chapter is about the attachment theory by John Bowlby and Mary Ainsworth, how the attachment develops and works. Secure attachment makes a lot of difference for the children's future and it is possible to help children that have not been able to make attachment. Trauma in children's life is one of the main issues in this paper and how they can influence their whole life. The main trauma here is parent's divorce, death in family and abuse and neglect. In this paper is a processing schedule for early childhood teachers explaining how they should react when children suffer from trauma. Processing schedule like this should be in every nursery school. One part of this paper is about how children's conditions and help have progress through the years in Iceland. Also is talked about the law that considers children. Child welfare in other countries is a main issue in one chapter.

In this paper it is easy to see how important that is for children that is going through difficulties in their life to have somebody to support them. The role of early childhood teachers is big and it is important that they know how to react in each case